

4. gr.

Lokamálsliður ákvæðis til bráðabirgða í reglunum breytist og verður svohljóðandi:
Skipunartími núverandi varamanns fulltrúa starfsmanna og varaformanns framlengist til sama tíma, en frá og með 1. október 2004 taka formenn bráðabirgðastjórna JH og EH við umboði stofustjóra til setu í stjórn RH.

5. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 4. nóvember 2004.

Páll Skúlason.

Tryggvi Þórhallsson.

SAMÞYKKT

um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til leyfisveitinga, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa í Húnaþingi vestra. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

2. gr.

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Um stærð, gerð og frágang rotþróa fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Húnaþing vestra eða aðili á þess vegum annast hreinsun rotþróa frá öllu húsnæði í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum tæknideildar sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila tíðni hreinsunar. Rotþró skal þó ekki hreinsa sjaldnar en á þriggja ára fresti. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Skólp frá sérhverri húseign í Húnaþingi vestra, sem ekki er unnt að tengja við holræsi sveitarfélagsins, skal leiða gegnum rotþró og siturlögn eða aðra sambærilega hreinsun. Eigendur fasteigna skulu sækja um leyfi til niðurstetningar rotþróar eða safntanks til tæknideildar

Húnaþings vestra. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa um staðsetningu. Rotþró og lagnir eru eign húseiganda.

6. gr.

Afrennsli frá ofnum, afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal hvorki leiða í rotþró né í siturlögn hennar.

7. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og /eða sandsíu innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 10 m. Fjarlægð frá þró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minna en 5 m. Verði siturlögn eða sandsíu ekki komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur byggingafulltrúi samþykkt annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir. Að öðru leyti skal farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um niðurstetningu rotþróa og siturlagna.

8. gr.

Allar lagnir vegna rotþróar skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frostfrjár.

9. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsíu. Byggingafulltrúa er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa að leyfa að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki ástæða til að krefjast safntanks.

10. gr.

Rotþró skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki. Hreinsunaraðilar skulu hafa starfsleyfi til verksins, skv. reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

11. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá á grundvelli samþykktar þessarar að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra til að standa undir kostnaði við söfnun og förgun seyru. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Húnaþing vestra getur með samningi heimilað eiganda húseignar sem tengd er rotþró að annast sjálfur hreinsun. Hreinsunin skal framkvæmd af aðila sem hefur starfsleyfi til holræsahreinsunar, sbr. 9. gr. og í samningi skal kveðið á um tíðni hreinsana og skil á staðfestingargvottorðum.

13. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna hreinsunar rotþróa skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til eftirlitsaðila verksins.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

15. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Húnaþings vestra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur húseigna í Húnaþingi vestra sem ekki eru tengdar holræsakerfi (rotþróm) við útgáfu samþykktar þessarar hafa frest til 31. desember 2005 til að uppfylla ákvæði samþykktarinnar.

Umhverfissráðuneytinu, 8. nóvember 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, frístundabyggð við Músaslóð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. nóvember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði vestan Músaslóðar breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Jafnframt er athafnasvæði og opið svæði til sérstakra nota flutt austur fyrir Músaslóð og minnkar íbúðarsvæði þar sem því nemur. Afmörkuð er stök frístundahúsalóð við Nónhól.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. nóvember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.